

Drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027

Mál nr. 253/2022 Birt: 19.12.2022

- Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
- Annað
- Málefnasvið:
- Málefni aldraðra
- Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 19.12.2022–23.01.2023. Umsagnir verða birtar jafnóðum og þær berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Í drögum þessum eru settar fram aðgerðir sem byggja á stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og viljayfirlýsingu hlutaðeigandi aðila um að auka samstarf varðandi þjónustu í heimahúsi við eldra fólk.

Drög þessi voru unnin af verkefnastjórn sem félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra skipuðu í sumarið 2022, með aðilum frá Landsambandi eldri borgara, fjármála- og efnahagsráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skipunarbréfið byggir á áherslum úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir m.a. að tryggja eigi eldra fólk þjónustu við hæfi og mikilvægt sé því að samþætta þjónustu við eldra fólk bæði til að auka lífsgæði þess hóps sem og til að tryggja að þjónustukerfi hér á landi ráði við vænta fjölgun eldra fólks á næstu árum.

Hlutverk verkefnastjórnar var að forgangsraða og útfæra tímasett markmið í aðgerðaáætlun til fjögurra ára og er henni ætlað í framhaldi af því að vinna að innleiðingu og framkvæmd hennar. Horft var til nýlegra opinberra skýrslna og tillagna sem samþykktar hafa verið á Alþingi og varða þjónustu við eldra fólk. Hópnun var ekki ætlað að fjalla um innra starf hjúkrunarheimila eða sjúkrahúspjónustu.

Samráð var við ýmsa hagaðila m.a. var haldin lokuð vinnustofa 22. september 2022 þar sem 60 aðilum sem koma að þjónustu við eldra fólk var boðið og opin kynningarfundur á drögum aðgerðaáætlunarinnar þann 5. desember sama ár, þar sem upplýst var um nafn á verkefninu, Gott að eldast og myndmál texta vísar til þess að til þess að vel takist verði að flétta saman ólíkum ábyrgðaraðilum og þjónustuþáttum.

Aðgerðaáætlunin byggir á fimm stöðum, þ.e. samþættingu þjónustu, virkni, upplýsingum, þróun og heimili. Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum þar sem samþætting og nýsköpun og prófanir munu nýtast til ákvarðanatöku um framtíðarskipulag þjónustu við elda fólk. Þar að auki verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um sveigjanleika í þjónustu, heilbrigða öldrun með alhliða heilsuefingu, og betri aðgang að ráðgjöf og upplýsingum.